

Rammaáætlun
C/O Orkugarður
Grensásvegi 9,
108 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2010

Umsögn varðandi niðurstöður faghópa í 2. áfanga Rammaáætlunar

Samtök ferðaþjónustunnar fagna þeirri vinnu sem liggur að baki niðurstöðum faghópa í 2. áfanga Rammaáætlunar og þeirri viðleitni sem sýnd er til að ná sáttum um vægi þeirra virkjanakosta sem fyrir liggja. Samtökin leggja á það áherslu að ferðaþjónustan verði áfram í lykilhlutverki varðandi þróun Rammaáætlunar með það að markmiði að góð samstaða náist um nýtingu landsins og verndunar þeirra svæða sem skila þjóðarþúinu mikilli arðsemi í tengslum við ferðaþjónustu.

Þegar litið er á lista þann sem lagður er fram um virkjanakosti í þessum áfanga Rammaáætlunar vekur það talsverða undrun að á listanum eru settar fram hugmyndir að virkjunum á friðuðum svæðum og jafnvel innan þjóðgarðs, svæðum sem af flestum hafa verið talin friðuð nú þegar fyrir slíkri starfsemi og þeirri miklu röskun sem virkjun til raforkuframleiðslu veldur. Hugmyndir um jarðvarmavirkjanir á Torfajökulssvæðinu, í Öskju, í Vonarskarði, í Kverkfjöllum og virkjun Jökulsár á Fjöllum og Hvítár fyrir ofan Gullfoss vekja undrun og eru með öllu óásættanlegar. Geysir fellur einnig í þennan flokk, þó ekki sé um friðland eða þjóðgarð að ræða. Væntanlega er hér einungis um fræðilega nálgun að ræða en ekki raunverulega kosti. Því er mikilvægt að fyrrgreindir kostir verði friðaðir til frambúðar og þar af leiðandi flokkaðir sem ófærir virkjanakostir.

SAF telja nauðsynlegt að eyða allri óvissu um það hvort virkjunarframkvæmd geti samkvæmt lögum samrýmst þjóðgarði og/eða friðlandi. Þetta er mikilvægt til að önnur nýting og uppbygging, einkum í tengslum við ferðamennsku, geti átt sér stað á eigin forsendum. Síðan verði skipulagt og byggt upp til að vernda svæðin betur svo koma megi í veg fyrir að þau spillist af völdum ferðamanna og nýtist þannig komandi kynslóðum.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna þeirri miklu vinnu sem greinilega hefur verið lögð í vinnu faghópanna ekki hvað síst í faghópi I og II. Varðandi niðurstöður frá faghópi II vilja samtökin taka undir athugasemd faghópsins sjálfs og leggja áherslu á mikilvægi lítið raskaðra svæða í nágrenni við höfuðborgarsvæðið sem gegna miklu hlutverki í styttri ferðum frá borginni.

Í texta með niðurstöðum faghóps II stendur:

„Þegar virkjanamöguleikar eru metnir er hver möguleiki metinn eins og hann væri eini kosturinn sem yrði nýttur. Viða eru margar virkjunarhugmyndir á svipuðum stað og verði margar þeirra nýttar, er líklegt að verðmæti þeirra staða sem eftir verða aukist. Ekki var gerð tilraun til að meta slíkt. Dæmi: Ef búið væri að virkja á flestum mögulegum virkjunarsvæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins myndi virði þeirra fáu svæða sem eftir væri aukast til mikilla muna.“

Samtök ferðaþjónustunnar vilja undirstrika að svæði í næsta nágrenni höfuðborgarinnar eru ein mikilvægustu svæði ferðaþjónustunnar vegna skemmri ferða. Almennt er dvalartími ferðamanna að styttest og eins mun fjöldi funda og ráðstefnugesta fara vaxandi með tilkomu Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík, en þeir eru einmitt einn megin markhópurinn fyrir skemmri ferðir á lítt snortin svæði. Þessar ferðir gegna um leið mikilvægu hlutverki við að kynna landið enn frekar til þeirra sem koma í stuttar ferðir. Oft leiða slíkar ferðir til þess að gestirnir koma aftur og gefa sér þá lengri tíma til að njóta þess sem landið hefur uppá að bjóða. SAF væntir þess að verkefnastjórnin taki tillit til þessa sjónarmiðs við lokaniðurstöðu sína.

Þá lýsa Samtök ferðaþjónustunnar undrun sinni á því takmarkaða fjármagni sem farið hefur í gerð rannsókna m.t.t til ferðamennsku en aðeins voru rúmar 8 m.kr. settar í það í undirbúningi 1. áfanga Rammaáætlunar og ekkert í 2. áfanga árin 2005 – 2009. Við áframhaldandi vinnu að Rammaáætlun vænta samtökin þess að horft verði til rannsókna sem meta áhrif af virkjunum á ferðamennsku og útivist sérstaklega.

Samtökin taka undir það viðhorf sem fram kemur í niðurstöðum faghópa I og II að frekar beri að halda áfram virkjunum á svæðum sem nú þegar eru röskuð af mannavöldum umfram að hefja virkjanir á lítt röskuðum svæðum og víðernum.

Niðurstöður faghóps III virðast fyrst og fremst byggjast á byggðasjónarmiðum og því að stór virkjun sem lengst frá höfuðborginni hafi mest áhrif. Faghópur III nær í sinni niðurstöðu ekki að skilgreina áhrifin á þann hátt sem æskilegt er. Með þeirri aðferð, sem notuð er þegar niðurstöður faghóps III og IV eru settar er saman, er gefið til kynna að áhrifin séu öll og alltaf jákvæð. Verkefni faghóps III er ef til vill allt of umfangsmikið og erfitt að ná utanum, áhrifin mjög mismunandi eftir því hvort þjóðfélagið er í efnahagskreppu eða hvort spenna er á vinnumarkaði. Engu að síður eru það vonbrigði að ekki hafi tekist að ná inn í matið áhrifum á aðrar atvinnugreinar og önnur ruðningsáhrif sem verða óneitanlega eins og gerst hefur hérlendis. Í því sambandi er skemmst að minnast framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og þeirra þensluáhrifa sem þær höfðu á þjóðfélagið allt.

Ekki er ljóst eftir lestur gagna um niðurstöður faghópanna hvernig niðurstöður faghóps I og II verði vegnar saman á móti sameiginlegri niðurstöðu III og IV. SAF treysta því að verkefnastjórnin taki tillit til vaxandi mikilvægis ferðaþjónustu fyrir þjóðarúið og bendir á hin mikla vöxt sem í greininni er. Hér er verið að fjalla um þá auðlind sem ferðaþjónusta landsins byggir á. Íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 70% erlendra ferðamanna til Íslands. Þar sem Rammaáætlun er ætlað að horfa til framtíðar er einnig mikilvægt að horft sé til framtíðarmöguleika þegar vægi niðurstaðna faghópa verður fléttað inn í lokaniðurstöðu verkefnastjórnar.

Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert er í aðferðum Rammaáætlunar og stefna að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru. Náttúruverndaráætlun, Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk væntanlegrar Landnýtingaráætlunar ferðaþjónustunnar þurfa að hafa samhljóm og samþættingu svo vel megi fara. Staða þessara áætlana er í dag óljós og veldur það óvissu og spennu. Samtök ferðaþjónustunnar vilja að lokum taka fram að það eru mikil vonbrigði að lagafrumvarp um stöðu Rammaáætlunar skuli ekki hafa verið lagt fram eins og stefnt hafði verið að. Til að sú mikla fagvinna sem unnin hefur verið megi nýtast sem best þarf að vera ljóst hvaða gildi niðurstöðurnar hafa. Á kynningarfundum hefur komið fram að svæði muni

væntanlega fara í þrjá flokka, svæði sem væru vernduð fyrir raforkuvinnslu, svæði þar sem raforkuvinnsla væri möguleg og svæði sem hægt væri að rannsaka betur. Samtökin telja að slík flokkun gæti verið grundvöllur til betri sáttu um það mikilvæga mál sem raforkuvinnsla og sambúð hennar við aðra atvinnuvegi og þjóðina alla er.

Virðingarfyllst



Samtök ferðapjónustunnar
Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri